

110
19. nóv.

II. Sýsluvegir: Um Borgarfjarðarsýslu og Austur-Húnavatnssýslu.

Heimilast vegamálastjóra, að fengnum upplýsingum frá áreiðanlegum mönnum í héraði, þegar talið er að vegurinn liggji mjög undir skemmdum vegna bleytu eða holklaka, að auglýsa bann við bifreiðaumferð um vegina og að setja nánari ákvæði um framkvæmd bannsins.

Bann þetta nær þó ekki til bifreiðaumferðar til læknisvitjunar.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. nóvember 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

111
22. nóv.

REGLUGERÐ

um

skipulag og rekstur útvarps.

Samkvæmt lögum nr. 62, 19. maí 1930 um heimild handa ríkisstjórninni til ríkissrekstrar á útvarpi eru hérmeð sett eftirfarandi ákvæði.

1. gr.

Útvarpsstöðin á Vatnsendahæð ásamt öllu, sem henni fylgir, nefnist einu nafni: *Útvarpsstöð Íslands í Reykjavík.*

2. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar fimm manna útvarpsráð til tveggja ára. Ráðherra velur formann þess, einn skal tilnefndur af Háskóla Íslands, einn af prestastefnu þjóðkirkjunnar, einn af fræðslumálanefnd, en hinn fimmti skal valinn meðal þriggja manna, er félag útvarpsnotenda tilnefnir, enda séu þá í því félagi fjórði hver þeirra manna, sem útvarpsnotendur eru taldir og greitt hafa lögmat gjöld eftir lögum þessum; ella velur ráðherra einnig hinn fimmta mann í útvarpsráðið.

Skipun útvarpsráðs skal miða við 1. júlí.

Útvarpsráðið hefir yfirstjórn hinnar menningarlegu starfsemi útvarpsins og ræður útvarpsefni í samráði við útvarpsstjóra. Útvarpsráðið skiptir með sér verkum, eftir því sem hentast þykir.

Útvarpsráðið heldur fundi svo oft, sem þurfa þykir. Skal það hafa fastan fundartíma að minnsta kosti einu sinni í viku og ákveða tiltekinn dag

og stund fyrir tímabil, sem svari að minnsta kosti vetri eða sumri í senn. **111**
 Formaður útvarpsráðsins stjórnar fundum. Útvarpsstjóri á sæti á fundum út- 22. nóv.
 varpsráðs og tekur þátt í dagskrárvinnu. Eigi hefir útvarpsstjóri atkvæðis-
 rétt um dagskrá. Útvarpsstjóri getur krafizt þess, að um þær ákvarðanir, er
 mjög snerta fjárhag fyrirtækisins, verði leitað samþykkis atvinnumálaráð-
 herra. Verkfræðingur útvarpsins skal jafnan kvaddur til ráða, ef ákvarðanir
 útvarpsráðs snerta eða geta snert verkfræðileg atriði.

Útvarpsráðið skal eigi síðar en 1. september ár hvert hafa gert aðal-
 áætlun um útvarpsefni fyrir næstkomandi útvarpsár, en dagskrárár útvarps-
 ins skal miða við 1. október. Skal það verða til leiðbeiningar við samningu
 dagskrárinnar, en þó háð þeim breytingum, er nauðsynlegar reynast, að
 dómi útvarpsráðs.

Tillögur útvarpsráðs um útvarpsefni, fyrir hverja viku, skulu gerðar
 og afhentar útvarpsstjóra eigi síðar en á mánudag í annari viku á undan.
 Útvarpsstjóri gerir síðan uppkast að dagskránni samkvæmt tillögunum. Skal
 útvarpsráðið leggja fullnaðarsamþykki á dagskrána ekki síðar en á fimmtu-
 dag næstan á eftir. Dagskrána skal birta í blöðum og á annan hátt, sem bezt
 þykir henta. Verði ágreiningur um dagskrárefni, ræður afl atkvæða. Skulu
 atkvæði greidd með nafnakalli, ef einhver í útvarpsráðinu óskar þess. Skal
 þá ágreiningsefnið svo og atkvæðagreiðsla ávallt bókað í gerðabók út-
 varpsráðs.

Útvarpsstjóri getur kvatt útvarpsráð saman á fund, ef nauðsyn ber til,
 vegna forfalla þeirra, er framkvæma eiga útvarpsdagskrá, eða annara ófyrir-
 sjáanlegra atvika. Ennfremur hefir útvarpsstjóri heimild til þess að breyta
 dagskrá, ef ástæður banna að náð verði til útvarpsráðs.

Þeir, sem sæti eiga í útvarpsráði, fá þóknun fyrir sörf sín, sem atvinnu-
 málaráðherra ákveður.

3. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar útvarpsstjóra með fullum árslaunum, að
 fengnum tillögum útvarpsráðs. Skal honum falið að annast allt, er lýtur að
 umsjón og rekstri útvarpsins, og hafa á hendi allar fjárreiður þess og reikn-
 ingshald.

Útvarpsstjóri hefir á hendi yfirumsjón með öllum daglegum rekstri út-
 varpsins. Hann annast reikningshald þess og fjárreiður, sér um samningu
 spjaldskrár yfir alla útvarpsnotendur í landinu og innheimtu árgjalda. Hann
 annast um bréfaskriftir útvarpsins og kemur fram sem málsvari þess um allt
 það, er lýtur að fjárhag þess og framkvæmdastjórn.

Útvarpsstjóri er framkvæmdastjóri útvarpsráðs. Hann framkvæmir
 ályktanir þess, birtir tilkynningar og auglýsingar samkvæmt fyrirmælum
 þess og bókunum í gerðabók. Hann annast um vélritun á bréfum útvarps-
 ráðs og afgreiðslu þeirra að öðru leyti og heldur í röð og reglu öllum skjöl-
 um viðvikjandi störfum útvarpsráðsins.

111 Atvinnumálaráðherra skipar starfsmenn við útvarpsstöðina, eftir því
22. nóv. sem þörf krefur og ákveður laun þeirra.

Útvarpsstjóri gerir tillögur til atvinnumálaráðherra um starfsmenn við útvarpið og um laun þeirra. Þeir fastir starfsmenn, er að dagskrá vinna, skulu valdir samkvæmt tillögum þeirra manna í útvarpsráði, er hafa sérstaka umsjón með þeim liðum dagskrárinnar, sem starfsmönnum er ætlað að vinna að. Þó hefir útvarpsstjóri, sem eftirlitsmaður um daglegar framkvæmdir, óskoraðan tillögurétt um val fréttamanns og þuls.

4. gr.

Til þess að standa straum af rekstri útvarpsins skal greiða til þess árlegt afnotagjald af hverju útvarpstæki í landinu. Atvinnumálaráðherra ákveður afnotagjaldið um eitt ár í senn, að fengnum tillögum útvarpsráðs og útvarpsstjóra. Gjaldalagi er 1. júlí. Sé árgjaldið ekki greitt innan ákveðins tíma, má innheimta það með lögtaki. Heimilt er atvinnumálaráðherra að fela pósthúsum og póstafgreiðslum landsins að annast innheimtu á ársgjöldum útvarpsnotenda samkvæmt nánari fyrirmælum, er sett verða um innheimtu gjaldanna.

Útvarpsstjóri semur í tæka tíð ár hvert fjárhagsáætlun um rekstur útvarpsins, og skal hún send atvinnumálaráðuneytinu til samþykkis.

5. gr.

Útvarpsráðið skal, í samráði við útvarpsstjóra, semja gjaldskrá um greiðslur fyrir útvarpsefni, og skal eftir henni farið, að svo miklu leyti sem hægt er. Atvinnumálaráðherra staðfestir gjaldskrána, og skal hún endurskoðuð svo oft sem ástæða þykir til.

6. gr.

Eftir að útvarpið er tekið til starfa, má enginn nota viðtæki fyrir útvarp, nema tilkynnt sé útvarpsstjórninni og lögboðið gjald greitt af tækinu.

Atvinnumálaráðuneytið setur nánari fyrirmæli um almenn not útvarpsins og skyldur útvarpsnotenda. Skulu þær reglur prentaðar á kvittun þá, er útvarpsnotendur fá við greiðslu árgjaldsins. Hvert það útvarpstæki, sem ekki hefir verið tilkynnt útvarpsstjórn, skal upptækt vera, og rennur andvirðið til útvarpsins.

7. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar tvo endurskoðendur til þess að endurskoða reikninga útvarpsins og ákveður þóknun þeirra.

8. gr.

111

Ágreining, sem rísa kann út af reglugerð þessari, úrskurðar atvinnu-
málaráðherra. Þetta skerðir þó ekki rétt einstaklinga til að leita úrskurðar
dómstólanna. 22. nóv.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim,
sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. nóvember 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

SAMÞYKKT

112

2. des.

um

stjórn málefna Vestmannaeyjakaupstaðar.

I. KAFLI.

Um stjórn og framkvæmdir á málefnum kaupstaðarins.

1. gr.

Bæjarstjórn kaupstaðarins er skipuð 9 fulltrúum, auk bæjarstjóra, og
9 varafulltrúum, er taka sæti aðalfulltrúanna eftir reglum, er atvinnumála-
ráðnuneytið setur.

Forseta og varaforseta kýs bæjarstjórn sér úr flokki bæjarfulltrúanna.

2. gr.

Sérstökum málefnum kaupstaðarins stjórna og hafa með höndum fast-
ar nefndir, er bæjarstjórn kýs. Þessar nefndir eru:

- | | |
|--------------------|----------------------|
| 1. Fjárhagsnefnd. | 6. Vatnsnefnd. |
| 2. Fátækranefnd. | 7. Veganefnd. |
| 3. Byggingarnefnd. | 8. Skólanefnd. |
| 4. Hafnarnefnd. | 9. Heilbrigðisnefnd. |
| 5. Rafmagnsnefnd. | 10. Brunamálnefnd. |